

Leiðbeiningar til stjórnenda á herbergjasambýlum/íbúðakjörnum þegar sóttkví/einangrun kemur upp. Allar leiðir til að lágmarka fjölda þeirra sem þurfa að sinna einstaklingi í sóttkví og sérstaklega einangrun ætti að skoða vel. T.d. ef matráður sinnir ekki annarri þjónustu við heimilisfólk ætti etv að hætta þeirri þjónustu og fá matarpakka senda á heimilið osfrv.

<b>Sóttkví</b>	<b>Einangrun</b>
<p>Íbúi í sóttkví í <b>íbúðakjarna</b>:</p> <p><b>Matur og salernisferðir?</b>            Æskilegt að matur komi inn í íbúð á bakka/í pakka. Ef salerni og bað eru í íbúð og eingöngu fyrir viðkomandi þá þarf að sinna þörfum viðkomandi eins og vant er. Ef sá sem er í sóttkví notar bleyju eða þarf aðstoð við salernisnotkun þarf að gæta vel að hreinlæti og nota hanska og jafnvel ermar eða hlífðarslopp ef viðkomandi er með niðurgang. Fólk sem þarf aðstoð við ADL þarf það líka í sóttkví. Fjölskylda einstaklings í sóttkví ætti ekki að heimsækja viðkomandi meðan á sóttkví stendur.</p>	<p>Íbúi í einangrun í <b>íbúðakjarna</b>:</p> <p><b>Matur og salernisferðir?</b>            Fara úr hlífðarbúnaði, hreinsa hendur áður en farið er á sameiginleg svæði.</p>
<p>Íbúi í sóttkví í <b>herbergjasambýli</b>:</p> <p>Íbúi fluttur úr herbergjasambýli (t.d. í íbúð Félagsbústaða). Ef sá sem gæti hafa smitað þann sem á að fara í sóttkví var á sambýlinu er hugsanlegt (en ekki víst) að allt heimilið fari í sóttkví. Ef mögulegt smit varð utan heimilis eru minni líkur á að allt heimilið þurfi að fara í sóttkví. Það er <b>EKKI</b> æskilegt að hafa einstakling sem þarf einn að vera í sóttkví innan um aðra. Getur þurft að athuga hvort viðkomandi geti verið hjá ættingjum sem eru sjálfir í sóttkví eða hvaða önnur úrræði bjóðast.</p>	<p>Staðfest smit íbúa í <b>herbergjasambýli</b>:</p> <p>Íbúi fluttur úr herbergjasambýli (t.d. í íbúð Félagsbústaða/ önnur úrræði)</p> <p><b>Matur – aðföng</b>            Aðföng heimsend. Matseld mögulega áfram á staðnum en fer eftir ýmsu.</p>
<p><b>Starfsfólk</b>            Starfsfólk sem sinnir því þarf að gæta vel að hreinlæti en fer ekki sjálft í sóttkví nema sá sem þeir aðstoða veikist. Starfsmaður sem aðstoðar einstakling í sóttkví þarf að gæta vel að handhreinsun þegar hann fer sjálfur í mat eða á salerni (fyrir og eftir) og skipta um föt ef þau mengast áður en starfsmaður dvelur á sameiginlegum svæðum. Starfsmaður á alls ekki að nota aðstöðu þess sem er í sóttkví. Starfsfólk þjónustar íbúa í sóttkví heila vakt. Skiptir um á skiptistöð fyrir utan íbúð, fer í sturtu og fer heim.</p>	<p><b>Starfsfólk</b>            Starfsfólk fylgir viðkomandi, verður að nota hlífðarfatnað, fer í sturtu eftir vakt. Starfsfólk fer í sóttkví ef það hefur ekki notað hlífðarbúnað og einangrun ef það fær einkenni. Starfsfólk á að vera sem minnst inni hjá þeim sem er í einangrun, aðeins það nauðsynlega. Starfsfólk þjónustar íbúa í einangrun heila vakt. <b>Verður</b> að fara í hlífðarfatnað, skiptir um í skiptistöð fyrir utan íbúð, fer í sturtu og hrein föt og fer heim. Þegar sóttkví breytist í einangrun getur starfsfólk sem sinni viðkomandi þá vakt þurft að fara í sóttkví. Ef notaður er hlífðarbúnaður þarf að fylgjast með einkennum og ef einkenni koma fram fer starfsmaður í einangrun og ætti að staðfesta smit með sýnatöku. Æskilegt að sama starfsfólk sinni viðkomandi sem mest til að fækka þeim sem útsettir eru.</p>